

**Mayzent® (siponimod):
Áminningarkort gegn
þungun fyrir konur sem
geta orðið þungaðar**



Efnisyfirlit

Áður en meðferð er hafin með Mayzent	3
Meðan á töku Mayzent stendur	4
Ef þungun á sér stað	5
Upplýsingar um lækinn	6

Áður en meðferð er hafin með Mayzent



Mayzent skal ekki nota á meðgöngu eða hjá konum sem geta orðið þungaðar sem ekki nota örugga getnaðarvörn.

Þú skalt forðast að verða þunguð meðan á töku Mayzent stendur því hætta er á að skaða ófætt barnið.

Neikvætt þungunarpróf þarf að liggja fyrir og vera staðfest af lækni áður en meðferð er hafin hjá konum sem geta orðið þungaðar. Þetta þarf að endurtaka með viðeigandi millibili.



Læknirinn mun ræða við þig um notkun öruggrar getnaðarvarnar sem þú skalt nota meðan á meðferð stendur og í að minnsta kosti 10 daga eftir að meðferð með siponimodi er hætt.

Vinsamlega lestu fylgiseðilinn fyrir Mayzent sem fylgir í pakkningu lyfsins.

Meðan á töku Mayzent standur



Þú mátt ekki verða þunguð meðan á töku Mayzent standur.

Þú verður að nota örugga getnaðarvörn meðan á meðferð standur og í að minnsta kosti 10 daga eftir að meðferð er hætt.

Sýna verður fram á neikvætt þungunarpróf með viðeigandi millibili meðan á meðferð með Mayzent standur.



Ef þungun er fyrirhuguð skaltu tala við lækinn þar sem þú þarft að hætta meðferð. Læknirinn mun veita ráðgjöf um hugsanlega hættu fyrir fósttrið vegna Mayzent og ræða við þig um að hugsanlega getur sjúkdómsvirkni komið til baka.



Segðu læknum tafarlaust frá því ef þú verður þunguð, eða ef þú heldur að þú sért þunguð, meðan á töku Mayzent standur því stöðva verður meðferðina. Læknirinn mun ræða við þig um að hugsanlega getur sjúkdómsvirkni komið til baka.

Einnig verður fylgst með þér með læknisfræðilegum rannsóknum (t.d. með ómskoðunum).

Ef þungun á sér stað



Vinsamlega tilkynntu læknum ef þungun verður meðan á meðferð með Mayzent stendur eða ef þungun verður innan 10 daga frá því að meðferð var hætt eða til Novartis í síma 535 7000.

- Novartis hefur sett á laggirnar áætlunina „**PR**egnancy **o**utcomes **I**ntensive **M**onitoring (**PRIM**)“ sem er skrá sem safnar upplýsingum um þunganir hjá sjúklingum sem útsettir voru fyrir Mayzent stuttu fyrir þungun eða meðan á þungun stóð og um niðurstöður hjá ungbörnum í 12 mánuði eftir fæðingu.

Eftir að meðferð með Mayzent er hætt skaltu tafarlaust láta lækinn vita ef þú telur að MS-sjúkdómurinn fari versnandi (t.d. máttleysi eða breytingar á sjón) eða ef þú finnur fyrir nýjum einkennum.

Upplýsingar um lækninn

- [fyllið hér út upplýsingar um lækninn]